

## 1855.

### I. Konungsúrskurður um nákvæmari ákvörðun á takmörk- um kaupstaðarins á Seyðisfirði.

1855.  
6. janúar.

Með opnu brjefi 14. desember 1842 var löggilt kaupþún við Seyðisfjörð í norður- og austur-umdæmi Íslands, þannig að öllum þegnum Danakonungs var leyft að setjast þar að til verzlunar, þegar árið 1842 væri liðið, með þeim skilmálum sem til eru greindir í opnu brjefi 28. desember 1836, og geymdi konungur sjer að ákveða nákvæmar takmörk kaupþúns þessa.

Þetta hafði nú ekki seinna verið ákveðið, og ekki kom nein uppástunga um það frá hlutadeigandi embættismönnum, þegar T. F. Thomsen og P. C. Petráus, kaupmenn, stofnuðu verzlunarstað 1848 innst við Seyðisfjörðinn í Fjarðar landareign, og útvísaði sýslumaðurinn í Norðurmúlasýslu þeim, með samþykki eiganda jarðarinnar, fyrir árlegt eptirgjald, húsastæði, og veitti þeim einnig leyfisbrjef til kaupskapar.

1851 keyptu verzlunarmennirnir Örum & Wulff landspart á Vestdalseyri, hjerumbil  $\frac{1}{2}$  mílu frá hinum verzlunarstaðnum og byggðu þar hús til verzlunar, án þess að leita leyfis yfirvaldanna, sem lögðu heldur ekkert bann fyrir það, en Thomsen kaupmaður skrifaði til innanríkisstjórnarinnar 24. desemb. 1852, og kvartaði um, að þetta spillti fyrir verzlun sinni við þá, er kæmu sjóleiðis, og spurði hvort verzlunarstaður þessi væri löglega settur.

1854 byrjaði fyrverandi kaupmannsfulltrúi Jón Árnason verzlun á Vestdalseyri, og byggði þar verzlunarhús, en gat ekki fengið leyfisbrjef til verzlunar hjá sýslumanni, þar eð málinu um það, hvort Vestdalseyri væri löglegur kaupstaður, var ekki lokið. Síðan sögðu hlutadeigandi amtmaður og sýslumaður álit sitt um þetta mál, og amtmaður ljet einnig 4 menn halda skoðunargjörð um báða verzlunarstaðina.

Eptir að þessi álitsskjöl voru komin til innanríkisstjórnarinnar, þótti henni henta, eptir opnu brjefi 14. desember 1842, að gjöra nákvæmari ákvörðun um takmörk kaupþúnsins við Seyðisfjörð.

1855. Stjórninni þótti það gagnstætt hugsuninni um verzlunarstað, að hver  
6. janúar. og einn mætti byggja verzlunarhús langt hvert frá öðru, og eins og  
nú reynslan hefur sýnt, að 2 kaupstaðir hafa verið byggðir langt  
hvor frá öðrum, þannig gætu aðrir kaupmenn seinna meir byggt  
kaupstaði á öðrum stöðum. Hlutaðeigandi yfirvöld hafa reyndar  
ekki gjört neina uppástungu um að ákveða takmörk þessa verzlunarstaðar, en þar eð nógar skýrslur eru komnar til að sýna, hver staður við Seyðisfjörðinn er best lagaður til kaupstaðar, getur stjórnin geymt sjer rjett til að ákveða nákvæmar takmörk þau, innan hverra byggja má verzlunarhús framvegis, þegar uppástunga um það er fengin frá hlutaðeigandi yfirvöldum.

Eptir skýrslum þeim, sem fengnar eru, einkum hinni áður nefndu skoðunargjörð, mælti stjórnin fram með því, að hentugasta kaupstaðarstæði væri á Fjarðaröldu, þar sem kaupstaður Thomsens stendur, en þó áleit stjórnin, að leyfa ætti þeim, sem nú eiga verzlun Örum & Wulffs, að hafa framvegis verzlun á Vestdalseyri, bæði af því, að verzlunarmenn þessir höfðu sent bænarskrá frá mörgum mönnum þar í hjeraði, er báðu um að kaupstaður þessi mætti standa, og vegna þess, að hún áleit það bæði efasamt, hvort verzlunarmenn þessir yrðu neyddir með lögum og dómi til þess að rífa niður verzlunarhús þessi, og líka væri þá beitt mikilli hörku við þá, er höfðu stofnað verzlun þessa, svo að yfirvaldið vissi það, eptir opnu brjefi 14. desember 1842, sem áður er getið, og haldið henni áfram í nokkur ár, án þess yfirvöldin hafi lagt neitt bann fyrir það, því ekki þurftu þeir, þegar þeir hjeldu að leyfilegt væri að setja þar verzlun, að biðja um úthlutun á landi, þar eð þeir áttu sjálfir lóðina er kaupstaðurinn var byggður á, og höfðu áður leyfisbrjef til verzlunar. Aptur á mót þykir stjórninni ekki þurfa að taka sama tillit til verzlunarhúsa þeirra, er Jón Árnason hefur byggt á Seyðisfirði, þar eð sýslumaður hafði varað hann við áður en hann fór að byggja, eptir hinni fyrri almennu skipan amtmannsins, að byggja ekki verzlunarhús á þessum stað.

Eptir uppástungu innanríkisstjórnarinnar hefur Hans Hátign konungurinn því skorðið úr málinu á þessa leið:

„Vjer samþykkjum mildilegast, að kaupstún það, er löggilt

er í Seyðisfirði með opnu brjefi 14. desember 1842, skuli 1855.  
setja á Fjarðaröldu, í áframhaldandi röð frá húsi því, er Thom- 6. janúar.  
sen kaupmaður hefur byggt þar, og felum Vjer einnig allramildi-  
legast innanríkisstjórn Vorri á hendur að ákveða nákvæmar  
takmörkin fyrir stærð kaupstaðarins, þegar hún hefur fengið  
frumvarp um það frá hlutaðeigandi embættismönnum; þó skal  
hinum núverandi eigendum verzlunar Öruns & Vulffs sjálfum  
heimilt að verzla framvegis í kaupstað þeim, sem þeir hafa  
byggt á Vestdalseyri”.

## 2. Umburðarbrjef innanríkisstjórnarinnar til stiptamt- 29. janúar. mannsins og amtmannanna á Íslandi um kvartanir Íslendinga yfir skorti á kornvörum í kaupstöðunum.

Það hefur opt borið við, einkum á seinni tímum, að yfir-  
völdin á Íslandi og landsmenn hafa leitað til stjórnarinnar, þegar  
það einhverra hluta vegna, hefur þótt líklegt, að hætt væri við  
að landið væri ekki nógu byrgt af nauðsynjavörum, einkum korn-  
vörum, og beðið hana að hlutast svo til að ráðið yrði úr þess  
konar skorti, og hefur stjórnin, eins og stiptamtmaðurinn (amt-  
maðurinn) veit, leitast við að verða við þessum bænum þeirra,  
að því leyti sem hún hefur getað.

En þegar að nú lögin 15. apríl f. á. um siglingar og verzlun  
á Íslandi hafa leyft útlendum þjóðum að sigla á allar hafnir á  
landinu, flýtur af því, að hvorki stjórnin eða danskir kaupmenn  
geta haft neina sjerlega skyldu til að annast um vörubygðir í  
landinu framvegis, og biður því stjórnin stiptamtmanninn (amtm.)  
að láta menn í sínu umdæmi vita, að þeir verði sjálfir að hafa  
fyrirhyggju fyrir því að byrgja sig með alls konar nauðsynja-  
vörum, og þeir megi ekki vænta neinnar sjerlegrar hjálpar frá  
stjórninni í því efni.